

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/010*  
*komudagur 12.12.2003*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félagsmálanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 11. desember 2003.

**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 96/1995 um gjald af áfengi (36. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur lengi látið sig varða málefni áfengisverslunar og hefur haldið því fram að skattlagning í þeim málaflokki sé langtum meiri en eðlilegt getur talist. Ráðið hefur hins vegar fullan skilning á mikilvægi forvarnarstarfs. Hið háa áfengisgjald er þó einn hluti forvarnarstarfs hins opinbera og að mati einhverra mikilvægasti þátturinn með því að gera almenningi erfitt um vik í áfengis kaupum. Ef hugur manna stendur nú frekar til þess að efla annars konar forvarnarstarf getur Verslunarráð fallist á að það sé æskilegri leið að lækka áfengisgjaldið en láta það í ríkari mæli renna í skilgreint forvarnarstarf.

Virðingarfyllt,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.